

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

Umsögn birt **21.07.2025**

Skipulagsgátt
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi 21. júlí 2025.

Athugasemdir við mál nr. 827/2025

Við undirrituð, íbúar við Heiðmörk 5 og Heiðmörk 6 á Selfossi viljum gera eftirtaldar athugasemdir við framkomna tillögu að deiliskipulagsbreytingu á Austurvegi 61-63 á Selfossi, dagsetta 26. maí 2025.

- 1) Við ítrekum að framkvæmdaaðili tryggi að ekki verði skemmdir á nærliggjandi húsum og lóðum á framkvæmdatíma og leggjum áherslu á að ábyrgð hans sé skýr á hugsanlegum skemmdum á eignum íbúa við Heiðmörk.
- 2) Við ítrekum áhyggjur okkar af auknum umferðarþunga um Heiðmörk sem er nú þegar ærinn á annatíma og umferðarteppu á gatnamótum Heiðmerkur og Austurvegar.
Jafnframt er bent á að Heiðmörk er ein af mikilvægum leiðum viðbragðsaðila, þ.e. sjúkrabíla, slökkviliðs og lögreglu.
- 3) Í deiliskipulagsuppdraetti er eingöngu gert ráð fyrir fjórum bílastæðum ofanjarðar sem ýtir undir að bílum verði lagt við Heiðmörk með tilheyrandi umferðarteppu um götuna.
- 4) Eðlilegra væri í ljósi liða 2) og 3) að skoða hvort innakstur í bílakjallara gæti verið frá Austurvegi eins og fordæmi er fyrir við fjölbýlishúsin vestan við Heiðmörk, Austurveg 57-59.
- 5) Mikilvægt er að framkvæmdaaðili tryggi að reglum um framkvæmdatíma dag hvern sé fylgt. Einnig verði tryggt að umferð um Heiðmörk teppist ekki meir en orðið er.
- 6) Við leggjum mikla áherslu á að byggingin verði eins sunnarlega á byggingarreitnum og mögulegt er.
- 7) Bent skal á að rétt heiti hverfisins er Mjólkurbúshverfið en ekki

Mjólkurhúsaahverfið eins og það er ranglega nefnt í deiliskipulagstillögunni.

Virðingarfyllst,

Jóhann Ingvi Stefánsson, Heiðmörk 5, Selfossi

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, Heiðmörk 5, Selfossi

Halldór Páll Halldórsson, Heiðmörk 6, Selfossi

Valgerður Sævarsdóttir, Heiðmörk 6, Selfossi